

Alþingi
Erindi nr. B 1201/650
komudagur 22.4.1996

GR/kb/21.4.1996

FRUMVARP TIL LAGA UM RÉTTINDI OG SKYLDUR STARFSMANNA RÍKISINS

**EFNISPUNKTAR ATHUGASEMDA UMSAGNARAÐILA VIÐ
EINSTAKAR GREINAR**

I. hluti.

Almenn ákvæði.

1. KAFLI

Gildissvið laganna.

1. gr.

Lög þessi taka til hvers manns sem er skipaður settur eða ráðinn í þjónustu ríkisins til lengri tíma en eins mánaðar, án tillits til þess hvort og þá hvaða stéttarfélagi hann tilheyrir, enda verði starf hans talið aðalstarf.

Ákvæði II. hluta laganna taka þó einvörðungu til embættismanna, sbr. 22. gr., og ákvæði III. hluta einvörðungu til annarra starfsmanna ríkisins.

Ef ekki er annað tekið fram er með hugtakinu „starf“ átt við sérhvert starf í þjónustu ríkisins sem lögin ná til, en með hugtakinu „embætti“ er einungis átt við starf sem maður er skipaður til að gegna, sbr. 22. gr.

Bandalag háskólamanna:

Gildissvið nýrra laga yrði mun þrengra en nú er.

Í raun yrðu ríkisstarfsmenn ekki einn hópur sem lyti einum lögum eins og nú er heldur a.m.k. fjórir flokkar, þ.e. embættismenn, almennir starfsmenn, starfsmenn hlutafélaga í eigu ríkisins sem ekki heyrðu undir hin nýju lög, og svo þeir sem hafa ótímabundna skipun skv. bráðabirgðaákvæðum frumvarpsins.

Félag ísl. hjúkrunarfræðinga:

Varðandi jafna réttarstöðu: Verkfallsréttur opinberra starfsmanna er verulega þrengri en verkfallsréttur á almenna markaðinum.

2. gr.

Lög þessi taka ekki til forseta Íslands, ráðherra eða alþingismanna.

Þá taka lögin heldur ekki til eftirgreindra starfsmanna:

1. Starfsmanna hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, jafnvel þótt þau sé að öllu leyti í eigu ríkisins.
2. Starfsmanna stofnana sem að einhverju eða öllu leyti eru í eigu annarra en ríkisins, þar á meðal sjálfseignarstofnana, jafnvel þótt þær séu einvörðungu reknar fyrir framlög frá ríkinu.

Dómarafélag Íslands:

Bæta dómurum við 1. mgr.

3. gr.

Sérákvæði í lögum, sem öðruvísi mæla um réttindi og skyldur einstakra flokka starfsmanna, skulu haldast.

Stéttarfélag lögfræðinga:

Áréttað verði að stjórnarsýslulögin taki til samskipta stjórnvalds og starfsmanns samkvæmt lögnum.

4. gr.

Nú verður ágreiningur um gildissvið laga þessara og sker fjármálaráðherra þá úr. Ef starfsmaður eða annar sá, sem í hlut á, vill ekki hlíta úrskurði ráðherra getur hann borið málið undir dómstóla.

2. KAFLI

Veiting starfs.

5. gr.

Það fer eftir ákvæðum laga hvaða stjórnvald veitir starf og hvort skipa skuli eða ráða í starfið.

Séu ekki fyrir mæli um það í lögum skal sá ráðherra er stofnun lýtur skipa forstöðumann stofnunar og, eftir atvikum, aðra embættismenn er starfa við stofnunina, en forstöðumaður ræður í önnur störf hjá henni.

Bandalag háskólamanna:

Það verður í rikum mæli á valdi ráðherra eða forstöðumanna að ákveða hverjir skuli fylla þann flokk ríkisstarfsmanna sem kallast embættismenn.

Félag háskólamenntaðra starfsmanna**stjórnarráðsins:**

Stjórn FHSS telur brýnt að ekki verði gerðar breytingar á æviráðningu og skipunarhætti þeirra embættismanna sem getið er um í 13. gr. laga nr. 73/1969.

2. málsg. 5. gr. orðist svo:

„Séu ekki fyrir mæli um það í lögum skal sá ráðherra er stofnun lýtur skipa forstöðumann stofnunar en forstöðumaður ræður í önnur störf hjá henni.“

6. gr.

Almenn skilyrði til þess að fá skipun eða ráðningu í starf eru þessi:

1. Átján ára aldur. Þó má víkja frá þessu aldurslágmarki um störf samkvæmt náms- samningi, ræstingastörf, sendilsstörf eða önnur svipuð störf. Einstök ákvæði í lögum, þar sem annað aldurstakmark er sett, skulu haldast.
2. Lögræði. Þó gildir lögræðiskrafan ekki þegar undanþága er gerð skv. 1. tölulið.
3. Nauðsynleg heilbrigði, andleg og líkamleg, til þess að gegna þeim starfa sem hverju sinni er um að ræða.
4. Íslenskur ríkisborgararéttur. Þó má ráða ríkisborgara frá öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins til starfa með sömu kjörum og íslenska ríkisborgara. Einnig má víkja frá þessu ákvæði þegar um er að ræða aðra erlenda ríkisborgara ef sér- staklega stendur á.
5. Almenn menntun og þar að auki sú sérmenntun sem lögum samkvæmt er krafist eða eðli málsins samkvæmt verður að heimta til óaðfinnanlegrar rækslu starfans.
6. Fjárforræði, ef starfi fylgja fjárreiður, svo sem gjaldkera- eða innheimtustörf, eða ef svo er fyrir mælt í lögum eða sérstök ástæða þykir til að gera þá kröfu.

Nú hefur umsækjandi um starf hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræð- ir í 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, og telst hann þá ekki fullnægja starfsskilyrðum.

Konur og karlar hafa jafnan rétt til opinberra starfa og til sömu launa fyrir sambærileg

störf.

Bandalag háskólamanna:

Ekki verður séð að orðalagsbreyting á lokamálsgrein 3. gr. gildandi laga í frumvarpinu verði til þess að tryggja komum betur lögbundinn rétt þeirra varðandi aðgang að störfum og kjör til jafns við karla.

Stéttarfélag lögfræðinga:

Ákvæði 3. mgr. 6. gr. frv. verður að teljast óþarf.

Skrifstofa jafnréttismála:

Lagt er til að næst síðasta málsgrein athugasemda hljóði svo:

„Í 3. mgr. er orðalagi breytt til samræmis við jafnréttislög og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands á þessu sviði en í lögum nr. 38/1954 er notað orðalagið „sömu störf“.“

7. gr.

Laust embætti skal auglýsa í Lögbirtingablaði og skal umsóknarfrestur ekki vera skemmri en tvær vikur frá útgáfudegi blaðsins. Þó er heimilt að skipa mann eða setja í embætti skv. 2. mgr. 23. gr. eða 24. gr. eða flytja hann til í embætti skv. 36. gr. án þess að embættið sé auglýst laust til umsóknar.

Önnur störf skulu auglýst opinberlega samkvæmt reglum sem settar skulu af fjármálaráðherra. Forstöðumanni stofnunar er heimilt að setja sérreglur um það hvernig auglýsa skuli störf hjá stofnuninni enda sé það gert opinberlega og reglurnar hljóti staðfestingu fjármálaráðherra. Í reglum samkvæmt þessari málsgrein má mæla svo fyrir að störf þar sem ekki er krafist tiltekinnar sérmenntunar eða sérhæfingar, svo sem minni háttar skrifstofustörf, störf samkvæmt námssamningi, ræstingastörf, sendilsstörf eða önnur svipuð störf þurfi ekki að auglýsa opinberlega.

Skylt er, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að upplýsingum um nöfn og starfsheiti umsækjenda þegar umsóknarfrestur er liðinn.

Bandalag háskólamanna:

Skref aftur á bak að draga úr skyldu stjórnvalds að auglýsa laus störf á vegum ríkisins. Stríðir gegn anda stjórnsýslulaga. Leið sem leitt getur til geðþóttaákvæðana í stöðuveitingum hjá ríkinu.

Stéttarfélag lögfræðinga:

Lagt er til að meginreglan verði sú að störf skuli auglýst opinberlega. Heimilt verði þó að víkja frá auglýsingareglum þurfi að setja eða ráða tímabundið í starf vegna veikinda eða annarra sambærilegra atvika, enda verða ákvæði 3. mgr. greinarinnar ekki virk nema almenningur fái vitneskju um laus störf.

Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins:

Mikilvægt er að öll störf séu auglýst og ákvæði séu sett um að lita skuli til reynslu umsækjanda um starf þegar skipa á í embætti sem telja verður að standi framur því embætti er umsækjandi kann að gegna. Lagt er til að brott falli orðin „svo sem minni háttar skrifstofustörf“. Í stað þess mætti setja „skrifstofustörf vegna sumarafleysinga“, ef slík ákvæði eiga að vera inni.

Bandalag háskólamanna:

Ekkert í dag bannar ríkinu sem vinnuveitanda fremur en öðrum vinnuveitendum að greiða starfsmönnum umfram lágmarkskjör skv. kjarasamningum.

Stefnan í frumvarpinu virðist vera sú að slíta yfirborgun úr samhengi við önnur ráðningarkjör.

Lög nr. 120/1992 gera ráð fyrir að kjaranefnd komi með fullnaðarákvörðun um kjör þeirra sem undir hana heyra.

Hugmyndin um heimildir ráðherra til að yfirborga forstöðumenn/embættismenn virðist stríða gegn meginhugsuninni að baki laga nr. 120/1992 og gengur frumvarpið raunar í berhögg við þau lög.

Embættismaður, sem skipaður hefur verið til fimm ára og fengið í upphafi starfs tiltekna yfirborgun, getur verið sviptur þeirri viðbótargreiðslu með þriggja mánaða uppsagnarfresti, sbr. 37. gr., eftir t.d. eitt ár í starfi.

Embættismaðurinn á þá eina leið að leita lausnar frá embætti ef hann sættir sig ekki við breytinguna.

Ekki verður séð að heimildir til ráðherra og forstöðumanna til að yfirborga eftir reglum sem fjármálaráðherra setur muni leiða til meiri launajafnréttis milli kvenna og karla.

Stéttarfélag lögfræðinga:

Ákvæði 3. mgr. 9. gr. óþörf með vísan til 1. málsl. 2. mgr. 38. gr. frv.

**Félag háskólamenntaðra starfsmanna
stjórnarráðsins:**

Mikilvægt er að í lögum sem taka á atriðum er varða launakerfi embættismanna þá verði fullt tillit tekið til þess að embættismönnum er óheimilt að „efna til, stuðla að eða taka þátt í verkfalli“.

Félag ísl. hjúkrunarfræðinga:

Meiri og viðtækari aðgerðir en lagagrein sem þessa þarf til að tryggja konum og körlum jafna stöðu.

Meðmælt því að greiða starfsfólki mismunandi laun eftir mismunandi ábyrgð eða hæfni.

Öll slík ákvæði eiga og geta rúmast innan ramma kjarasamnings.

Að breyta megi ákvörðunum um viðbótarlaun „hvenær sem er“.

Þetta ákvæði frumvarpsins er algerlega á skjön við þær reglur sem gilda á vinnumarkaði.

Félag háskólakennara:

Þetta virðist í fljótu bragði vera í ósamræmi við lög um kjaranefnd.

Ef horft er til háskólans er ekki ljóst hvernig framkvæma á slíkt ákvæði.

Hingað til hafa lagaákvæði um að ekki megi mismuna konum og körlum í launum ekki orðið til að tryggja konum launajafnrétti á við karla.

Meinataeknafélag Íslands:

Ákvæði um viðbótarlaun getur boðið upp á geðþóttáakvarðanir forstöðumanna þrátt fyrir eftirlit fjármálaráðherra með eigin reglum.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja:

Hvergi er gert ráð fyrir afskiptum stéttarféлага af ákvörðunum um laun og ráðningu og ekki er ráðgert að þau geti fylgst með framkvæmd reglnanna. Þetta telur BSRB óásættanlegt.

Félag ísl. hjúkrunarfræðinga:

Of skammur frestur.

Ekki nægjanlegt að auglýsa laus embætti eingöngu í Lögbirtingablaðinu.

Eðlilegt að samtök ríkisstarfsmanna og fjármálaráðherra komi sér saman um þær reglur sem settar eru um auglýsingar.

Auglýsa öll störf.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja:

BSRB leggur áherslu á að öll störf skuli auglýsa með opinberum hætti.

Sjúkraliðafélag Íslands:

Gildandi lög um auglýsingu opinberra starfa hafa verið sniðgengin að geðþótta stjórnenda. Frumvarpið breytir litlu nema síður væri.

3. KAFLI**Réttindi.****8. gr.**

Veita skal starfsmanni upplýsingar um skipunar- eða ráðningarkjör þegar hann er skipaður eða ráðinn til starfa. Fjármálaráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Hver sá, er starf veitir, getur sett starfsmanni erindisbréf, enda skal að jafnaði setja starfsmanni slík fyrirmæli, ef hann óskar þess, hvort sem það varðar starf hans almennt eða einstaka grein þess eða greinar.

Bandalag háskólamanna:

Þrátt fyrir það sem segir í greinargerð með frumvarpinu verður ekki annað séð en að ákvæði laga nr. 97/1974 og samráð um gerð ráðningarsamningseyðublaða tryggja betur réttarstöðu starfsmanna en sú skipan sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Í raun er verið að taka allar ákvarðanir um ráðningarskilmála af samningaborði stéttarféлага og vinnuveitenda og af borði einstakra starfsmanna og vinnuveitanda og færa í hendur fjármálaráðherra.

Félag ísl. hjúkrunarfræðinga:

Nauðsynlegt og í samræmi við eðlilega stjórnunarhætti að á hverjum tíma liggi fyrir starfslýsing þegar sótt er um starf.

9. gr.

Starfsmenn eiga rétt á launum fyrir störf sín samkvæmt ákvörðun kjaranefndar, sbr. 39. gr., eða samkvæmt kjarasamningum, sbr. 47.

Forstöðumenn stofnana geta ákveðið að greiða einstökum starfsmönnum laun til viðbótar grunnlaunum, sem ákvörðuð eru eða samið er um skv. 1. mgr., vegna sérstakrar hæfni er nýtist í starfi, eða sérstaks álags í starfi, svo og fyrir árangur í starfi. Ráðherrar geta enn fremur ákveðið að greiða forstöðumönnum einstakra stofnana, sem undir þá heyrja, laun fyrir árangur í starfi til viðbótar þeim launum sem ákvörðuð eru skv. 1. mgr. Þessum ákvörðunum má breyta hvenær sem er, en sé breytingin starfsmanni í óhag tekur hún ekki gildi fyrr en að liðnum uppsagnarfresti þess starfsmanns sem hún varðar, sbr. 37. og 46. gr.

Ákvarðanir forstöðumanna skv. 2. mgr. skulu fara eftir reglum, sem fjármálaráðherra setur, þar sem meðal annars skal kveðið á um það að karlar og konur hafi sömu möguleika á að fá viðbótarlaun. Fjármálaráðherra hefur eftirlit með framkvæmd þessara reglna.

Sjúkraliðafélag Íslands:

Samkvæmt frumvarpinu er samningsumboðið tekið af stéttarfélagunum og færnt í hendur fjármálaráðherra og/eða forstöðumanns stofnunar.

Kennarasamband Íslands:

Óeðlilegt er að slíta yfirborgarnir úr samhengi við kjör að öðru leyti.

Félag starfsmanna Alþingis og Starfsmannafél. Ríkisendurskoðunar:

Erfitt að sjá hvort ákvæðið feli í sér raunveruleg réttindi starfsmanna eða ekki meðan reglur fjármálaráðherra hafa ekki verið kynntar.

Skrifstofa jafnréttismála:

Lagt er til að lokamálsgreinin orðist svo:

„Ákvarðanir forstöðumanna skv. 2. mgr. skulu fara eftir reglum sem fjármálaráðherra setur þar sem meðal annars skal kveðið á um það að karlar og konur hafi sömu möguleika á að fá viðbótarlaun. Þar skal jafnframt kveðið á um skyldu forstöðumanna til að taka reglubundið saman upplýsingar um skiptingu viðbótarlauna til starfsmanna.

10. gr.

Föst laun skulu greidd eftir á fyrsta virkan dag hvers mánaðar. Með hugtakinu „föst laun“ er átt við föst laun fyrir dagvinnu, ásamt viðbótarlaunum skv. 2. mgr. 9. gr.

Nú tekur maður við starfi eftir fyrsta dag mánaðar, og fær hann þá laun í réttu hlutfalli við tölu þeirra daga sem eftir eru af þeim mánuði.

Bandalag háskólamanna:

Ekki er minnst á meðferð aukalauna.

Ekki verður annað séð en að ríkisstarfsmenn fái eftir þessa breytingu laun mun síðar en aðrir launamenn.

Félag ísl. hjúkrunarfræðinga:

Augljóslega kjaraskerðing fyrir opinbera starfsmenn.

Meinataeknafélag Íslands:

Í bráðabirgðaákvæði er kveðið á um að þeir starfsmenn sem nú fái fyrirframgreidd laun haldi þeim. Með þessu er verið að mismuna starfsmönnum. Þeir sem ráða sig til starfa eftir gildistöku laganna fá lakari rétt en þeir sem fyrir eru í starfi.

Kennarasamband Íslands:

Hér er um að ræða skerðingu á réttindum stéttarinnar þó ekki sé gert ráð fyrir því að breyta réttindum þeirra sem nú eru í starfi.

11. gr.

Starfsmenn skulu eiga rétt á orlofi eftir því sem fyrir er mælt í lögum og, eftir atvikum, ákveðið eða um samið með sama hætti og laun, sbr. 1. mgr. 9. gr.

Forstöðumaður stofnunar ákveður í samráði við starfsmenn hvenær þeir taki orlof.

Nú tekur starfsmaður ekki orlof tiltekið orlofsár, og er honum þá rétt, með samþykki forstöðumanns, að leggja saman orlof þess árs og hins næsta til orlofstöku síðara árið.

Nú tekur starfsmaður ekki orlof, sem ákveðið hefur verið skv. 2. mgr., að beiðni forstöðumanns, og geymist þá orlofið til næsta orlofsárs. Ef starfsmaður lýkur ekki töku þessa

orlofs síðara árið skal hann fá það sem eftir stendur greitt eins og um yfirvinnu væri að ræða. Skyld er starfsmanni að taka orlof.

Bandalag háskólamanna:

11. gr. frumvarpsins að svo miklu leyti sem hún gengur skemur en ákvæði kjarasamninga stangast á við samningsrétt og kjarasamninga stéttarfélaganna og jafnvel stjórnarskrá og er ekki í takt við tímenn.

3. og 4. málsg. Sönnunarbyrði snúið við.

12. gr.

Starfsmenn skulu eiga rétt til launa í veikindaforföllum og fæðingarorlofi eftir því sem fyrir er mælt í lögum og, eftir atvikum, ákveðið eða um samið með sama hætti og laun, sbr. 1. mgr. 9. gr.

Bandalag háskólamanna:

Mikilvægt er að taka af allan vafa umorðalag á 12. gr., athugasemd með henni og bráðabirgðaákvæði þannig að tryggt sé að réttindi í veikindum og barnsburðarleyfi standi óskert ef það er tilgangur höfunda frumvarpsins.

Félag ísl. hjúkrunarfræðinga:

Nauðsynlegt að tryggja öllum foreldrum óskert laun í fæðingarorlofi til að tryggja jafna stöðu karla og kvenna á vinnumarkaði.

Löggjafinn á að tryggja öllu launafólki viðunandi veikinda- og barnsburðarleyfisrétt.

Félag háskólakennara:

Opinberlega hefur því verið haldið fram af hálfu fulltrúa fjármálaráðuneytisins að ekki sé ætlunin að breyta núgildandi fyrirkomulagi um fæðingarorlof. Ef það er rétt er eðlilegra að segja það skýrt í lögum hver lágmarksrétturinn er og að heimilt sé að semja um betri rétt.

Greinin gæti orðast svo að því er varðar fæðingarorlof (sbr. reglugerð um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins 410/1989):

„Vegna barnsburðar skal starfsmaður sem starfað hefur í þjónustu ríkisins samfellt í 6 mánuði fyrir fæðingu barns eiga rétt á 6 mánaða leyfi með þeim dagvinnulaunum sem stöðunni fylgja enda sé ráðningunni ætlað að stana a.m.k. þann tíma.

Fyrstu 3 mánuði í barnsburðarleyfi svo og í framlengdu leyfi vegna fleirburafæðingar eða sjúkleika barns skal auk dagvinnulauna greiða meðaltal þeirrar yfirvinnu-, vakta-, gæsluvakta- og óþægindaálagsstunda sem greiddar voru starfsmanni síðustu 12 mánaða uppgjörstímabil yfirvinnu áður en barnsburðarleyfi hófst.

Heimilt er að semja um eða ákvarða betri kjör og réttindi í barnsburðarleyfi.

Á sama hátt þyrfti að taka af öll tvímæli varðandi veikindarétt.

Meinataeknafélagið:

11. og 12. gr.:

Hvað varðar orlofsrétt og rétt til launa í veikindum ásamt lausnarlaunum, biðlaunum og makalaunum er verið að svipta starfsmenn réttindum.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja:

BSRB mótmælir öllum fyrirkomulögum um skerðingu á veikindarétti og rétti til launa í fæðingarorlofi.

Skrifstofa jafnréttismála:

Jafnréttisráð telur að betra hefði verið að fjalla um rétt starfsfólks í veikindum og rétt starfsfólks til launa í fæðingarorlofi í sitt hvorri lagagreininni þar sem um mjög óskyld atriði er að ræða.

13. gr.

Starfsmenn eiga rétt á sveigjanlegum vinnutíma samkvæmt ákvörðun forstöðumanns stofnunar enda verði slíku við komið að skaðlausu.

Ef forstöðumaður hafnar beiðni starfsmanns skv. 1. mgr. er heimilt að bera þá ákvörðun undir hlutaðeigandi ráðherra.

Bandalag háskólamanna:

Er í kjarasamningum.

Sýnir fortíðarárættu höfundanna á sama hátt og t.d. í 11. gr.

Stéttarfélag lögfræðinga:

Lagt er til að 1. mgr. orðist svo:

„Starfsmenn eiga rétt á sveigjanlegum vinnutíma í samráði við forstöðumann enda verði slíku komið við að skaðlausu.“

**Félag háskólamenntaðra
starfsmanna stjórnarráðsins:**

Í kjarasamningum ríkisstarfsmanna er yfirleitt slíkt ákvæði og því er ekki ástæða til að halda því fram að þetta auki rétt.

Sjúkraliðafélag Íslands:

Gömul vísa illa kveðin.

4. KAFLI**Skyldur.**

14. gr.

Starfsmanni er skylt að rækja starf sitt með alúð og samviskusemi í hvívetna. Hann skal gæta kurteisi, lipurðar og réttsýni í starfi sínu. Hann skal forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu eða utan þess sem er honum til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á það starf eða starfsgrein er hann vinnur við.

Starfsmanni er skylt að veita þeim sem til hans leita nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar, þar á meðal að benda þeim á það, ef svo ber undir, hvert þeir skuli leita með erindi sín.

Bandalag háskólamanna:

2. mgr. 14. gr.

Ef fyrirliggjandi frumvarp væri frumvarp til laga um rekstur ríkisstofnana gæti þetta skylduákvæði átt við um skyldur ríkisstofnunar gagnvart almennungi en getur tæpast með þessum hætti átt við um skyldur einstakra starfsmanna.

Stéttarfélag lögfræðinga:

2. mgr. verði felld út enda verður ekki annað séð en að ákvæði 7. gr. stjórnarsýslulaga séu fullnægjandi í þessu efni.

15. gr.

Skylt er starfsmanni að hlýða löglegum fyrirskipunum yfirmanna um starf sitt.

16. gr.

Starfsmenn skulu koma stundvíslega til starfa, hvort heldur er að morgni eða eftir hlé. Heimilt er að setja upp tímaskráningarkerfi til að fylgjast með því hvenær starfsmenn mæta til vinnu.

Starfsmanni sem verið hefur frá starfi án gildra forfalla er skylt að hlíta því að dregið sé af launum allt að tvöföldum þeim tíma sem hann var frá starfi.

Bandalag háskólamanna:

Í 2. mgr. er haldið í þetta fornfálega refsíákvæði gagnvart starfsmönnum. Víst er að nútímalegri starfsmannastjórnun er hjá einkafyrirtækjum og þetta ákvæði á sér enga hliðstæðu á almennum vinnumarkaði, hvorki í lögum né samningum.

Meinatæknafélag Íslands:

Núverandi tímaskráningarkerfi virðist alls ekki ná til allra starfsmanna og virðist ekki að samkvæmt frumvarpinu sé tekið á því á nokkurn hátt. Þar með er starfsmönnum ríkisins mismunað eftir starfsstéttum.

17. gr.

Forstöðumaður ákveður vinnutíma þeirra starfsmanna sem starfa hjá stofnun að því marki sem lög og kjarasamningar leyfa.

Skylt er starfsmönnum að vinna yfirvinnu sem forstöðumaður telur nauðsynlega. Þó er engum starfsmanni, nema þeim er gegnir lögreglustörfum eða annarri öryggisþjónustu, skylt að vinna meiri yfirvinnu í viku hverri en nemur fimmtungi af lögmæltum vikulegum vinnutíma.

Bandalag háskólamanna:

1. mgr.:

Þessi málsgrein gengur þvert á viðurkenndan samningsrétt starfsmanna um vinnutíma og er í algjerri andstöðu við almennan vinnurétt í landinu.

2. mgr.:

Slík almenn lögbundin skylda starfsmanna til yfirvinnu er afar hæpin vinnuréttarlega séð ef hún þá stenst yfirleitt stjórnarskrá landsins.

Stéttarfélag lögfræðinga:

16. og 17. gr.:

Ákvæði 2. mgr. 16. gr. fela í sér refsikennd viðurlög og eru önnur úrræði mun betur til þess fallin að ná því markmiði sem ákvæðinu er ætlað. Þá eru ákvæði 2. mgr. 16. og 17. gr. sem eiga sér samsvörun í gildandi lögum orðin úrelt og ekki í samræmi við nútímaviðhorf.

Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins:

Verði einungis gert í samráði við félag starfsmanna.

Félag ísl. hjúkrunarfræðinga:

Vald forstöðumanns til að ákveða einhliða vinnutíma starfsmanns er algerlega óásættanlegt og stangast á við almennan vinnurétt.

Yfirvinnuskylda ríkisstarfsmanna.

Óeðlilegt er að skylda alla ríkisstarfsmenn með lögum til að vinna þá yfirvinnu sem forstöðumenn telja nauðsynlega.

Markmið góðrar starfsmannastefnu er að ætla mönnum að geta klárað sín verkefni á dagvinnutíma.

Meinatæknafélag Íslands:

Félagið lýsir andstöðu sinni við yfirvinnuskyldu starfsmanna ríkisins. Þetta getur valdið vandræðum hjá meinatæknum sem ganga gæsluvaktir utan dagvinnutíma og vinna flestir 16 klst. eða meira á viku utan 40 klst. dagvinnuskyldu.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja:

BSRB leggst alfarið gegn því að yfirvinnuskylda sé lögbundin, breytir þá engu þó kveðið sé á um ákveðið hámark eins og gert er í frumvarpinu, og krefst BSRB þess að greinin falli niður.

Sjúkraliðafélag Íslands:

Verið er að leggja yfirvinnuskyldu á félagsmenn ASÍ sem ekki var fyrir. Vekur spurningu um vinnurétt, „núttímaleg lög“, og mannréttindi í nýrri og breyttri Evrópu.

18. gr.

Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

19. gr.

Skylt er starfsmanni að hlíta breytingum á störfum sínum og verksviði frá því er hann tók við starfi. Ef breytingarnar hafa í för með sér skert launakjör starfsmanns eða réttindi skal hann þó halda óbreyttum launakjörum og réttindum þann tíma sem eftir er af skipunartíma hans í embætti eða jafn langan tíma og réttur hans til uppsagnarfrests er samkvæmt ráðningarsamningi, sbr. 46. gr.

Bandalag háskólamanna:

Ráðherra eða forstöðumaður stofnunar getur bætt á starfsmann störfum án takmarkana og breytt starfssviði hans algerlega án þess að starfsmaðurinn geti spornað við því eða að það skapi honum einhvern sérstakan rétt á móti. Þetta er í beinni andstöðu við gildandi rétt, en að lögum hefur verið litið á slíkar breytingar sem fyrirvaralausar riftun á ráðningarsamningi.

Breytingin felst í því að í stað þess sem nú gildir að breyta megi starfi og verkahring samkvæmt lögum er þetta vald fært ráðherra eða forstöðumanni eða jafnvel undirmanni forstöðumanns sbr. 50. gr.

Stéttarfélag lögfræðinga:

Lagt er til að greinin hljóði svo:

„Skylt er starfsmanni að sæta breytingum á störfum sínum frá því er hann tók við starfi enda sé ekki um breytingar á verksviði að ræða. Breytingar mega þó ekki hafa í för með sér skerðingu á launakjörum og réttindum.“

Félag ísl. hjúkrunarfræðinga:

Forstöðumenn fá mun meira vald yfir starfsmönnum ríkisins en gengur og gerist meðal vinnuveitenda á almennum vinnumarkaði.

Kemur í veg fyrir að starfsmenn ríkisins hafi þann sjálfsagða rétt að hafa möguleika á að skjóta ákvörðunum stjórnvalda til æðra stjórnvalds.

20. gr.

Áður en starfsmaður hyggst, samhliða starfi sínu, taka við launuðu starfi í þjónustu annars aðila, ganga í stjórn atvinnufyrirtækis eða stofna til atvinnurekstrar ber honum að skýra því stjórnvaldi, er veitti starfið, frá því. Innan tveggja vikna skal starfsmanni skýrt frá því, ef áður-nefnd starfsemi telst ósamrýmanleg starfi hans, og honum bannað að hafa hana með höndum. Bera má slíkt bann undir hlutaðeigandi ráðherra.

Rétt er að banna starfsmanni slíka starfsemi sem í 1. mgr. segir ef það er síðar leitt í ljós að hún megi ekki saman fara starfi hans í þjónustu ríkisins.

Bandalag háskólamanna:

Gert er ráð fyrir að hert sé á umræddri skerðingu á atvinnufrelsi starfsmanna ríkisins og starfsmanni gert skylt að leita heimildar án tillits til þess hjá hvaða öðrum aðila hann hyggst starfa.

Félag háskólakennara:

Þröng túlkun á þessu ákvæði gæti þýtt verulega kjaraskerðingu fyrir marga félagsmenn Félags háskólakennara.

21. gr.

Ef starfsmaður hefur sýnt í starfi sínu óstundvísni eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi, hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi, hefur verið ölvður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykja að öðru leyti ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar starfinu, getur forstöðumaður stofnunar veitt honum skriflega áminningu. Áður skal þó gefa starfsmanni kost á að tala máli sínu ef það er unnt.

Bandalag háskólamanna:

Býður heim þeirri hættu að uppsagnir geti borist starfsmanni fyrirvaralaust og án skilgreindra afleiðinga.

Ekki málskotsréttur.

Miðað við að andmælaréttur verði ekki virkur.

Stéttarfélag lögfræðinga:

Lagt er til að áminning samkvæmt ákvæðinu gildi sem áskorun til starfsmanns um að bæta ráð sitt. Bæti starfsmaður ekki ráð sitt í kjölfar áminningar verði heimilt að víkja honum að fullu úr starfi samkvæmt ákvæðum 31. gr. frumvarpsins að gættum andmælarétti.

Félag ísl. hjúkrunarfræðinga:

Getur verið ákaflega erfitt að meta það hvencær árangur í starfi ríkisstarfsmanna er fullnægjandi.

Dregið úr andmælarétti.

II. hluti.
Sérstök ákvæði um embættismenn.
5. KAFLI
Skipun eða setning í embætti.

Bandalag háskólamanna:

Svipting réttinda - gegn stjórnarskrá og Félagsmálasáttmála Evrópu.

22. gr.

Embættismenn teljast samkvæmt lögum þessum einvörðungu þeir starfsmenn ríkisins sem taldir eru upp hér á eftir og skipaðir eru í starf skv. 23. gr.:

1. Starfsmenn Alþingis og stofnana þess.
2. Starfsmenn skrifstofu forseta Íslands.
3. Starfsmenn stjórnarráðs, þar með taldir starfsmenn utanríkisþjónustunnar.
4. Hæstaréttardómarar og héraðsdómarar, svo og aðrir starfsmenn Hæstaréttar og héraðsdómstóla.
5. Biskup Íslands og vígslubiskupar.
6. Ríkissaksóknari, ríkislögmaður, ríkissáttasemjari og umboðsmaður barna, svo og aðrir starfsmenn við embætti þeirra.
7. Sýslumenn og aðrir starfsmenn sýslumannsembætta, svo og rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, lögreglustjórinn í Reykjavík og tollstjórinn í Reykjavík og aðrir starfsmenn rannsóknarlögreglu ríkisins, lögreglustjóra- og tollstjóraembættanna.
8. Forstöðumenn stofnana og fyrirtækja ríkisins.
9. Starfsmenn Almannaávarna ríkisins, Fangelsismálastofnunar og Landhelgisgæslu.
10. Þeir aðrir, sem skipaðir eru í störf af forseta Íslands samkvæmt öðrum lögum, svo og þeir er gegna störfum sem öldungis verður jafnað til embætta þeirra manna sem getið er í 1.–9. tölulið.

Fjármálaráðherra sker úr því hvaða starfsmenn falla undir 8. og 10. tölulið þessarar greinar og skal hann fyrir 1. febrúar ár hvert birta lista í Lögbirtingablaði yfir þá starfsmenn.

Bandalag háskólamanna:

Ákveðið ósamræmi er í lagagrein og athugasemdum varðandi það atriði hvort það sé einvörðungu ráðherra eða ráðherra og forstöðumaður sem ákvarða hvort starfsmaður telst embættismaður eða almennur starfsmaður.

Fimm flokkar ríkisstarfsmanna í stað eins.

**Félag háskólamenntaðra
starfsmanna stjórnarráðsins:**

8. og 9. töluliðir falli brott.

Félag ísl. hjúkrunarfræðinga:

Vald ráðherra til að ákveða að starfsheiti falli utan samningsumboð stéttarfélaga er mjög mikið.

Fráleitt að ráðherrar og jafnvel forstöðumenn hafi möguleika á að taka ákvörðun um það að svipta stóran hluta starfsmanna samnings- og verkfallsrétti.

Stangast á við Félagsmálasáttmála Evrópu, samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og skoðanir Sérfræðinganefnd Evrópuráðsins.

Félag háskólakennara:

Meginsjónarmið félagsins er að við allar þær breytingar sem gerðar kunna að vera á stöðu háskólakennara verður að horfa til sameiginlegra hagsmuna allra félagsmanna.

Við núverandi aðstæður er ekki munur á starfsskyldum lektora, dósentna og prófessora við Háskóla Íslands.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja:

Ýmsir félagsmenn sem nú hafa samningsrétt eigi framvegis að teljast til embættismanna og missa þannig allan rétt til samningsgerðar.

Mjög óljóst er hverjir nákvæmlega heyra undir skilgreininguna „embættismaður“.

Kennarasamband Íslands:

Óásættanlegt er að stéttin sé svipt þessu ráðningarformi bóttalaust þar sem í því felst kjaraskerðing hjá stéttinni í heild þegar til lengri tíma er litið.

Dómarafélag Íslands:

Það er eindregin skoðun stjórnar Dómarafélags Íslands að frumvarp þetta, ef að lögum verður, eigi ekki að taka til dómara.

Prestafélag Íslands:

5. töluliður:

Með þessu er veigamiklum grundvallaratriðum fleygt burt úr kirkjuskipaninni á öðrum forsendum en kirkjulegum.

Stjórnin mótmælir almennt þeirri réttinda- og kjaraskerðingu sem frumvarpið ber í sér fyrir prestastéttina en leyfir sér að leggja það til að prestar njóti áfram óbreyttrar stöðu og teljist opinberir embættismenn og forstöðumenn sjálfstæðra embætta og verði í samræmi við þetta taldir í 5. og 8. tölulið og þar annars staðar sem við á í samræmi við þetta.

Félag starfsmanna Alþingis og Starfsmannafél. Ríkisendurskoðunar:

Starfsmenn Alþingis og stofnana þess hafa ekki verkfallsrétt.

Í raun um þriðja flokkinn að ræða, þ.e. starfsmenn með samningsrétt en án verkfallsréttar.

Ekkert komið til móts við þessa starfsmenn.

Háskóli Íslands - Háskólaráð:

Háskólaráð telur stöðu prófessora háskólans sem embættismanna skipta sköpum fyrir þróun Háskóla Íslands sem háskóla og rannsóknarstofnunar.

Prófessorafélag Háskóla Íslands:

Prófessorum í Háskóla Íslands verði bætt inn í upptalningu á embættismönnum.

Til vara: Fá yfirlýsingu ráðherra menntamála og fjármála um að prófessorar verði áfram embættismenn ríkisins.

23. gr.

Embættismenn skulu skipaðir tímabundið, til fimm ára í senn, nema annað sé tekið fram í lögum.

Ef maður hefur verið skipaður í embætti skv. 1. mgr. skal honum tilkynnt eigi síðar en þremur mánuðum áður en skipunartími hans rennur út hvort embættið verði auglýst laust til umsóknar. Sé það ekki gert framlengist skipunartími hans í embætti sjálfkrafa um fimm ár.

Bandalag háskólamanna:

Ekki er um fjallað ef embættismaðurinn vill sjálfur losna úr stöðu eftir 5 ára skipunartímabil.

Hver er tilgangurinn með tímabindingu skipunar embættismanna?

Ákvæðið felur í sér óþolandi óvissu fyrir embættismenn þegar dregur að lokum skipunartíma um áframhaldandi skipun.

Stéttarfélag lögfræðinga:

22. og 23. gr.:

Samkvæmt 22. gr. frv., sbr. umsögn fjármálaráðuneytisins með frv., mun embættismönnum fjölga talsvert en það er í andstöðu við þá þróun sem hefur verið á Norðurlöndum, t.d. í Danmörku. Ennfremur er gert ráð fyrir að þeim starfsmönnum ríkisins sem ekki hafa verkfallsrétt verði fjölgað.

Óljóst hverjir verði embættismenn.

Verður að telja þá óvissu sem felst í tímabundnum skipunum embættismanna leiða til aukins óstöðugleika og geri ráðherrum auðveldara með að beita geðþóttaákvörðunum við skipun þeirra á fimm ára fresti.

Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins:

Greinin orðist svo:

„Embættismenn skipar forseti Íslands ótímabundinni skipun.“

Félag isl. hjúkrunarfræðinga:

Þriggja mánaða fyrirvari of stuttur tími. Hæfilegur frestur er a.m.k. 6 mánuðir.

Komið er í veg fyrir að embættismenn njóti verndar ákvæða stjórnarsýslulaga.

Sjúkraliðafélag Íslands:

Tímabundin ráðning forstöðumanna hlýtur að gera kröfu til allt annarra kjara. Um leið býður nýja ráðningarformið upp á pólitíska misbeitingu og spillingu.

Dómarafélag Íslands:

Tímabundin skipun stangast beinlínis á við 61. gr. stjórnarskrárinnar eins og hún hefur verið skilin hingað til.

24. gr.

Nú fellur maður frá sem skipaður hefur verið í embætti, eða er fjarverandi um lengri tíma vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, og getur þá það stjórnvald sem veitir embættið sett annan mann til að gegna því um stundarsakir, þó aldrei lengur en í eitt ár. Sá, sem settur er í embætti nýtur réttinda og ber skyldur skv. 6. og 7. kafla eftir því sem við á.

Bandalag háskólamanna:

Ákvæðið gerir mörkin milli þeirra sem teljast embættismenn og hinna enn óskýrari.

25. gr.

Nú er maður skipaður eða settur í embætti og ber þá að líta svo á að hann skuli gegna því þar til eitthvert eftirgreindra atriða kemur til:

1. að hann brýtur af sér í starfinu, svo að honum beri að víkja úr því;
2. að hann fullnægir ekki lengur skilyrðum 6. gr.;

3. að hann fær lausn samkvæmt eigin beiðni, sbr. 37. gr.;
4. að hann fær lausn vegna heilsubreysts, sbr. 30. gr.;
5. að hann hefur náð hámarksaldri, sbr. 33. gr.;
6. að skipunartími hans skv. 23. gr. er runninn út nema ákvæði 2. mgr. eigi við;
7. að setningartími hans skv. 24. gr. er runninn út;
8. að hann flyst í annað embætti, sbr. 36. gr.;
9. að embættið er lagt niður, sbr. 34. gr.

**Félag háskólamenntaðra
starfsmanna stjórnarráðsins:**

6. töluliður falli brott og aðrir töluliðir breytist samkvæmt því.

6. KAFLI

Lausn frá embætti.

26. gr.

Stjórnvald er skipar í embætti veitir og lausn frá því um stundarsakir.

Rétt er að veita embættismanni lausn um stundarsakir, ef hann hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi, hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi, sbr. meðal annars 38. gr., hefur verið ölvaður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykja að öðru leyti ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar því embætti sem hann gegnir.

Nú hefur embættismaður fjárreiður eða bókhald með höndum og má þá veita honum lausn um stundarsakir ef ætla má eða víst þykir að óreiða sé á bókhaldi eða fjárreiðum, bú hans tekið til gjaldþrotaskipta eða hann leitar nauðasamninga. Sama er, ef embættismaður er grunaður um háttsemi sem hefði í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga.

Lausn um stundarsakir skal jafnan vera skrifleg með tilgreindum ástæðum. Ekki er skylt að veita embættismanni áminningu skv. 21. gr. áður en honum er veitt lausn um stundarsakir, en hins vegar skal gefa honum kost á að tala máli sínu ef það er unnt.

Bandalag háskólamanna:

Heimild til lausnar á þessum grundvelli kallar á geðþótta ákvarðanir og skapar embættismönnum almennt og forstöðumönnum sérstaklega óviðunandi réttarstöðu.

Stéttarfélag lögfræðinga:

Upptalning í 2. mgr. er til muna of viðtæk.

4. mgr. Fráleitt að víkja manni úr starfi um stundarsakir fyrir óstundvísi eða minni háttar vanrækslu ef unnt er að beita öðrum úrræðum, sbr. meðalhófsreglu stjórnarsýsluréttar.

27. gr.

Nú hefur embættismanni verið veitt lausn um stundarsakir fyrir meintar misfellur í starfi og skal mál hans þá þegar rannsakað af nefnd sérfróðra manna eða að hætti opinberra mála, ef ástæða þykir til, svo að upplýst verði hvort rétt er að veita honum lausn að fullu eða láta hann taka aftur við embætti sínu.

Í nefnd, sem rannsaka skal mál embættismanns skv. 1. mgr., skulu eiga sæti þrír menn, sérfróðir um stjórnarsýslu. Fjármálaráðherra skipar nefndina, þar af formann hennar og varamann hans til fjögurra ára í senn. Aðrir nefndarmenn taka sæti í nefndinni í hvert sinn og skal annar þeirra tilnefndur af þeim ráðherra sem í hlut á en hinn af samtökum ríkisstarfsmanna sameiginlega. Ef samtökin koma sér ekki saman skal fjármálaráðherra skipa nefndarmanninn án tilnefningar. Nefndin skal láta í ljós rökstutt álit á því hvort rétt hafi verið að víkja embættismanni

frá störfum um stundarsakir.

Bandalag háskólamanna:

Sú skipan kann að orka tvímælis að ráðherra sem er málsaðili ráði þannig meirihluta nefndarinnar og hæpið að stéttarfélag, sem embættismönnum verður væntanlega bannað að vera í, komi fram fyrir þeirra hönd og tilnefni fulltrúa í slíka rannsóknanevnd. Eðlilegra er að rannsaka meintar ávirðingar starfsmanna og embættismanna að hætti opinberra mála af óskyldum og óvilhöllum aðila.

Stéttarfélag lögfræðinga:

Lagt er til að meintar misfellur embættismanns verði rannsakaðar að hætti opinberra mála.

Félag ísl. hjúkrunarfræðinga:

Ekki eðlilegt að fjármálaráðherra skuli skipa tvo af þremur nefndarmönnum til að rannsaka meintar ávirðingar embættismanna að hætti opinberra mála af óskyldum og óvilhöllum aðila.

Vantar skýr ákvæði um málsmeðferð, þar á meðal rannsóknarskyldu og andmælarétt.

28. gr.

Meðan lausn um stundarsakir stendur nýtur embættismaður helmings af föstum launum sem embætti hans fylgja. Embættishúsnæði og jarðnæði, ef um er að ræða, heldur hann, enda komi þau friðindi til reiknings samkvæmt mati í þeim launum, er hann fær.

Nú tekur sá aftur við embætti sínu sem lausn hefur fengið um stundarsakir og skal hann þá fá greiddan þann helming hinna föstu launa er hann hefur verið sviptur og skal auk þess líta svo á um starfsaldur sem hann hafi gegnt starfanum óslitið.

29. gr.

Embættismanni skal víkja úr embætti að fullu ef hann hefur verið sviptur með fullnaðardómi rétti til að gegna því embætti. Nú hefur starfsmaður verið sviptur þeim rétti með dómi í héraði, og skal þá í þeim dómi kveða á um hvort það ákvæði hans skuli þegar koma til framkvæmdar eða fresta því, þar til ráðið verður hvort honum skuli skjóta til æðra dóms, eða þar til úrlausn æðra dóms er fengin.

Embættismanni skal víkja úr embætti að fullu ef meiri hluti nefndar skv. 27. gr. kemst að þeirri niðurstöðu að rétt hafi verið að víkja honum frá störfum um stundarsakir.

Embættismanni skal og víkja úr embætti að fullu, án fyrirvara, ef hann hefur játað að hafa gerst sekur um refsiverða háttsemi sem ætla má að hefði í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga.

Bandalag háskólamanna:

2. málgr. 29. gr.

Í frumvarpið vantar skýr og ítarleg ákvæði um málsmeðferð ofangreindrar nefndar, þar á meðal um rannsóknarskyldu og andmælarétt.

3. málgr. 29. gr.

Fráleitt er að leggja mat af þessum toga í hendur stjórnvalds.

Stéttarfélag lögfræðinga:

Ítarleg ákvæði vantar um málsmeðferð nefndarinnar, þar á meðal um rannsóknarskyldu og andmælarétt. Í 3. mgr. 29. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lagt verði í hendur

stjórnvalds að meta hvort ætla megi að refsiverð háttsemi hefði í för með sér sviptingu réttinda samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga. Fráleitt er að leggja mat af þessum toga í hendur stjórnvalds, enda hefur dómstólum réttilega verið falið það hingað til.

30. gr.

Ef embættismaður hefur verið frá störfum vegna sjúkdóma eða slysa samfelld í eitt ár eða sem svarar $\frac{1}{8}$ af samfelldum starfstíma hans hjá ríkinu, ef sá tími er lengri en eitt ár, skal veita honum lausn frá störfum vegna heilsubrests. Þetta gildir þó ekki ef læknir vottar að líkur séu til fulls bata innan næstu þriggja mánaða enda sé honum þá veitt lausn að liðnum þessum þremur mánuðum ef hann er enn óvinnufær.

Ef embættismaður veikist og læknir vottar að heilsu hans sé svo farið að ekki þyki gerlegt að láta hann starfa lengur er heimilt að veita honum lausn frá störfum vegna heilsubrests þegar launagreiðslum vegna veikinda lýkur, en þeirri ákvörðun má skjóta til hlutaðeigandi ráðherra.

Ef embættismaður er leystur frá störfum samkvæmt þessari grein ber að greiða honum föst laun í þrjá mánuði. Sama regla gildir um greiðslu til maka látins embættismanns.

Bandalag háskólamanna:

Skylduákvæði 1. mgr. vekur hvarvetna bæði athygli og hneykslun.

Stéttarfélag lögfræðinga:

Rétt þykir að benda sérstaklega á að ekki sé forsvaranlegt að miða við 1/18 hluta samfells starfs hjá ríkinu heldur verði að miða við heildarstarfstíma viðkomandi. Orðalagið samfelldur starfstími er til þess fallið að valda misskilningi.

Ennfremur er óeðlilegt, sbr. 2. mgr., að leggja þá skyldu á herðar læknis að votta um heilsu sjúklings fram í tímann.

Félag ísl. hjúkrunarfræðinga:

Getur ekki samræmst góðri starfsmannastefnu ríkisins að hafa það sem skylduákvæði að mönnum sé vikið úr starfi hjá ríkinu vegna veikinda.

31. gr.

Stjórnvald er skipar mann í embætti veitir og lausn frá því, nema öðruvísi sé sérstaklega fyrir mælt í lögum. Lausn skal veita skriflega og jafnan greindar orsakir, svo sem vegna heilsu-
brests, tiltekinna ávirðinga o.s.frv. Í lausnarbréfi skal jafnan kveðið á um frá hvaða degi embættismaður skuli lausn taka og með hvaða kjörum, svo sem um eftirlaun, sé um þau að ræða, lífeyri, hvenær embættismaðurinn skuli sleppa íbúð, jarðnæði o.s.frv., eftir því sem við á.

Embættismanni, sem víkja skal úr embætti, skal veittur kostur á að tala máli sínu áður en ákvörðun er tekin, ef þess er kostur.

32. gr.

Rétt er þeim, er vikið er úr embætti, að bera málið undir úrlausn dómstóla.

Nú er embættismissir dæmdur óréttmætur og fer þá um bætur til aðila eftir úrskurði dómstóla, nema hlutaðeigendur hafi komið sér saman um annað. Þegar bætur eru metnar skal hafa til hliðsjónar ástæður embættismanns, svo sem aldur og atvinnumöguleika, svo og fram komnar málsbætur þess stjórnvalds sem leysti hann frá embætti.

33. gr.

Embættismanni skal veita lausn frá og með næstu mánaðamótum eftir að hann nær 70

ára aldri.

Sé maður orðinn 65 ára, þegar hann er skipaður tímabundið í embætti skv. 23. gr., skal skipunartími hans miðaður við að hann láti af störfum frá og með næstu mánaðamótum eftir að hann nær 70 ára að aldri.

34. gr.

Nú er embætti lagt niður og skal þá embættismaður jafnan fá föst laun, er embættinu fylgdu, greidd í 6 mánuði frá því að hann lét af starfi, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en 15 ár, en ella í 12 mánuði, enda hafi hann þá ekki hafnað öðru sambærilegu starfi, óháð því hvort það er á vegum ríkisins eða annars aðila.

Nú tekur maður, er launagreiðslna nýtur skv. 1. mgr., við starfi í þjónustu ríkisins eða annars aðila, áður en liðinn er 6 eða 12 mánaða tíminn, og skulu þá launagreiðslur samkvæmt þessari grein falla niður ef laun þau er nýja starfinu fylgja eru jöfn eða hærri en þau, er hann naut í fyrra embætti. Ef launin í nýja starfinu eru lægri skal greiða honum launamismuninn til loka 6 eða 12 mánaða tímabilsins.

Bandalag háskólamanna:

Laun í nýju starfi hjá ríki eða öðrum aðila gangi upp í biðlaunagreiðslu. Felur í sér mikla skerðingu á þessum réttindum sem varðar ekki aðeins embættismenn heldur alla þá sem eru í starfi við gildistöku laganna. Stríðir gegn eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar.

Stéttarfélag lögfræðinga:

Ekki verður fallist á að hægt sé að fella þennan rétt niður bótalest.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja:

BSRB er þeirrar skoðunar að biðlaunaréttur sem ríkisstarfsmenn hafa áunnið sér með starfi í þjónustu ríkisins verði ekki af þeim tekinn án bóta.

Sjúkraliðafélag Íslands:

Fjöldmörg störf ríkisstarfsmanna eru mjög sérhæfð. Missi ríkisstarfsmaður vinnu t.d. í heilbrigðisþjónustu, lög- eða tollgæslu eða við önnur sérhæfð eftirlitsstörf, þarf hann í flestum tilvikum að fara í endurmenntun. Áunnin réttindi tapast við uppsögnina sem felast m.a. í aðild: að lífeyrissjóði, veikindaréttindum, lengra orlofi, makabótum, lausnarlaunum, starfsaldursbundinni röðun í launaflokka, launþrepi o.fl.

Kennarasamband Íslands:

Skerðing á kjörum sem alls ekki er hægt að samþykkja og mun slík breyting, ef gerð verður, hafa í för með sér skriðu málaferla þar sem um er að ræða stjórnarskrárvarinn rétt einstaklinga að mati Kennarasambandsins.

35. gr.

Nú er maður, sem skipaður hefur verið tímabundið í embætti skv. 23. gr., ekki skipaður að nýju í embættið, og skal hann þá fá föst laun, er embættinu fylgdu, greidd í 3 mánuði frá því að hann lét af starfi ef hann hefur gegnt embættinu skemur en 15 ár, en ella í 6 mánuði, enda hafi hann þá ekki hafnað öðru sambærilegu starfi, óháð því hvort það er á vegum ríkisins eða annars aðila.

Nú tekur maður, er launagreiðslna nýtur skv. 1. mgr., við starfi í þjónustu ríkisins eða annars aðila áður en liðinn er 3 eða 6 mánaða tíminn, og skulu þá launagreiðslur samkvæmt þessari grein falla niður ef laun er nýja starfinu fylgja eru jöfn eða hærri en þau er hann naut

í fyrra embætti. Ef launin í nýja starfmu eru lægri skal greiða honum launamismuninn til loka 3 eða 6 mánaða tímabilsins.

Á meðan maður nýtur launa skv. 1. mgr. er honum skylt að starfa áfram, sé þess óskað, og veita eftirmanni sínum aðstoð svo að sem minnst röskun verði á starfsemi þeirri sem hann hafði með höndum.

Bandalag háskólamanna:

Embættismanni ber að sinna vinnu ef óskað er eftir vinnuframlagi hans á meðan hann nýtur biðlaunagreiðslna. Niðurlæging gagnvart starfsmanninum.

Forgangur að nýju starfi hjá ríkinu verði felldur niður. Mun væntanlega enn draga úr möguleikum starfsmanna að verjast málamyndaniðurlagningu á störfum og öðrum sambærilegum geðþóttaákvörðunum stjórnvalda.

Stéttarfélag lögfræðinga:

Fráleitt er að fjármálaráðherra sé einum ætlað að meta hvort störf séu sambærileg með tilliti til biðlaunaréttar starfsmanns.

Félag ísl. hjúkrunarfræðinga:

34. og 35. gr.:

Ríkisstarfsmenn hafa áunnið sér biðlaunarétt með starfi hjá ríkinu. Biðlaun sem nokkurs konar trygging fyrir bótum vegna ófyrirséðra tilvika. Ófært að svipta þessari tryggingu sem þeir hafa talið sig hafa og hafa greitt fyrir með lægri launum en ella.

36. gr.

Stjórnvald, sem skipað hefur mann í embætti, getur flutt hann úr einu embætti í annað, enda heyri bæði embættin undir það. Enn fremur getur stjórnvald, sem skipað hefur mann í embætti samþykkt að hann flytjist í annað embætti, er lýtur öðru stjórnvaldi, enda óski það stjórnvald eftir því.

Flytjist maður í annað embætti skv. 1. mgr., sem er lægra launað en fyrra embættið, skal greiða honum launamismuninn þann tíma sem eftir er af skipunartíma hans í fyrra embættinu.

Bandalag háskólamanna:

Heimild 20. gr. stjórnarskrárinnar hefur alltaf verið túlkuð þröngt, þ.e. að hún gildi aðeins um þá fáu ædstu embættismenn sem þarna eru til umræðu.

Efni 20. gr. stjórnarskrárinnar felur í sér mun meiri kvaðir en gilda um almenna starfsmenn ríkisins í dag.

Þrátt fyrir athugasemdir í greinargerð með 36. gr. frumvarpsins að umrætt ákvæði standist 20. gr. stjórnarskrárinnar verður ekki betur séð en það feli í sér nauðungarflutning embættismanns án þess að honum sé gefinn kostur á að kjósa um embættisskiptin eða lausn frá embætti eins og það er orðað í stjórnarskrá.

Stéttarfélag lögfræðinga:

Ekki verður betur séð en ákvæðið feli í sér nauðungarflutning embættismanns án þess að honum sé gefinn kostur á að kjósa um embættisskiptin eða lausn frá embætti eins og það er orðað í stjórnarskrá.

Félag ísl. hjúkrunarfræðinga:

Þessi heimild í stjórnarskránni hefur alltaf verið túlkuð þröngt þannig að hún eigi aðeins við fáa ædstu embættismenn.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir því að flytja megi stóran óskilgreindan hóp embættismanna sem er algerlega óásættanlegt og á skjön við þær reglur sem gilda á vinnumarkaði.

Félag starfsmanna Alþingis og Starfsmannafél. Ríkisendurskoðunar:

Spurning hvort ákvæðið stenst stjórnarskrá.

37. gr.

Nú vill embættismaður biðjast lausnar, og skal hann þá gera það skriflega og með þriggja mánaða fyrirvara, nema ófyrirsjáanleg atvik hafi gert hann ófæran um að gegna embættinu eða stjórnvald sem lausn á að veita, samþykki skemmri frest.

Skylt er að veita lausn ef hennar er löglega beiðst. Þó er óskylt að veita lausn frá þeim tíma sem beiðst er ef svo margir leita lausnar samtímis eða um líkt leyti í sömu starfsgrein að til auðnar um starfrækslu þar myndi horfa ef beiðni hvers um sig væri veitt. Getur stjórnvald þá áskilið lengri uppsagnarfrest, allt að sex mánuðum, en á meðan heldur embættismaðurinn óbreyttum launakjörum og réttindum, þar á meðal viðbótarlaunum skv. 2. mgr. 9. gr.

Stéttarfélag lögfræðinga:

Einhliða framlenging uppsagnarfrests samræmist ekki nútímahugsunarhætti.

7. KAFLI

Sérstakar skyldur.

38. gr.

Ráðherra setur sérhverjum forstöðumanni stofnunar erindisbréf þar sem tilgreind skulu helstu markmið í rekstri stofnunar og verkefni hennar, bæði til lengri og skemmri tíma litið.

Forstöðumaður ber ábyrgð á að stofnun, sem hann stýrir, starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf skv. 1. mgr. Forstöðumaður ber og ábyrgð á því að rekstrar-útgjöld og rekstarafkoma stofnunarinnar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Ef útgjöld fara fram úr fjárlagaheimildum, verkefnum stofnunar er ekki sinnt sem skyldi eða þjónusta hennar telst óviðunandi getur ráðherra veitt forstöðumanni áminningu skv. 21. gr. eða veitt honum lausn frá embætti skv. 6. kafla ef hann hefur gerst sekur um ítrekaða eða stórfellda vanrækslu í starfi með þeim hætti sem að framan er lýst.

Bandalag háskólamanna:

Vald ráðherra að setja forstöðumann getur orðið kúgunartæki gagnvart forstöðumanni og öllum starfsmönnum þegar sami ráðherra getur gert síaunkr kröfur fyrir sífellt minna fé, meira fyrir minna. Þar er um dulbúna brottrekstrarheimild að ræða.

Stéttarfélag lögfræðinga:

Ekki verður séð ástæða til þess að tiltaka sérstaklega brottrekstrarheimildir í lokamálslið 2. mgr. 38. gr. enda hljóta ákvæði 26. gr. með þeim breytingum sem félagið hefur lagt til að vera fullnægjandi.

Félag ísl. hjúkrunarfræðinga:

Þessi grein gefur ráðherra möguleika á að setja fram óraunsæ og ósanngjörn markmið sem erfitt er að vinna að og getur dregið úr sjálfstæði forstöðumanna.

39. gr.

Laun og önnur launakjör embættismanna skulu ákveðin af kjaranefnd samkvæmt þeim

lögum sem um hana gilda.

Bandalag háskólamanna:

Hæpið að láta ná til dómara sbr. 2. gr. stjórnarskrár um þrískiptingu ríkisvaldsins.

Stéttarfélag lögfræðinga:

Sú skipan að gera dómendum lægra undir höfði með ákvörðun launa en öðrum handhöfum ríkisvaldsins brýtur gegn ákvæði 2. gr. stjórnarskrárinnar og anda hennar.

**Félag háskólamenntaðra starfsmanna
stjórnarráðsins:**

Hafnar alfarið að samningaréttur sé tekinn af félaginu og færður til kjaranefndar.

40. gr.

Embættismönnum er óheimilt að efna til, stuðla að eða taka þátt í verkfalli eða öðrum sambærilegum aðgerðum.

Bandalag háskólamanna:

Þessi hópur þarna einnig sviptur tjáningarfrelsi að hluta. Stenst ekki ákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar. Stríðir gegn ákvæðum stjórnarskrár og alþjóðasamþykktum um félagafrelsi.

Stéttarfélag lögfræðinga:

Þeim sem standa utan stéttarfélaga, þar með töldum embættismönnum, er óheimilt að gera verkfall. Því telur félagið ákvæði 40. gr. frumvarpsins óþörf. Ennfremur telur félagið rétt að lög nr. 33/1915, um verkfall opinberra starfsmanna, verði felld úr gildi, enda eru þau lög löngu úrelt.

Félag ísl. hjúkrunarfræðinga:

Embættismenn eru sviptir tjáningarfrelsi að hluta. Stenst ekki ákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar og stríðir gegn almennum viðhorfum og alþjóðasamþykktum um félagafrelsi.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja:

Lagt er til að embættismönnum verði óheimilt að efna til, stuðla að eða taka þátt í verkfalli. Með þessu er réttur til málfrelsis skertur.

III. hluti.

Sérstök ákvæði um aðra starfsmenn ríkisins en embættismenn.

**Félag háskólamenntaðra
starfsmanna stjórnarráðsins:**

Fyrirsögn hljóði svo: „Sérstök ákvæði um sýslunarmenn ríkisins.“

8. KAFLI

Ráðning í starf.

41. gr.

Starfsmenn ríkisins, aðrir en embættismenn, skulu ráðnir til starfa ótímabundið með gagnkvæmum uppsagnarfresti.

Heimilt er að ráða starfsmann til starfa tímabundið og er unnt að taka fram í ráðningarsamningi að segja megi slíkum samningi upp af hálfu annars hvors aðila áður en ráðning fellur

sjálfkrafa úr gildi við lok samningstíma. Tímabundin ráðning skal þó aldrei vara samfellt lengur en í tvö ár.

Bandalag háskólamanna:

Þessi grein undirstrikar þann ásetning fjármálaráðherra að afnema skipun í störf hjá stórum starfsstéttum sem nú búa við það ráðningarform.

42. gr.

Gerður skal skriflegur ráðningarsamningur milli forstöðumanns stofnunar og starfsmanns þar sem meðal annars komi fram ráðningarkjör.

Fjármálaráðherra skal setja reglur um form ráðningarsamninga skv. 1. mgr.

Stéttarfélag lögfræðinga:

Lagt er til að fjármálaráðherra setji reglur um form ráðningarsamninga í samráði við samtök opinberra starfsmanna.

Félag ísl. hjúkrunarfræðinga:

Óeðlilegt er að ráðherra skuli einhliða ætla sér að setja reglur um form ráðningarsamninga.

9. KAFLI

Starfslok.

43. gr.

Forstöðumaður stofnunar hefur rétt til að segja starfsmanni upp störfum eftir því sem fyrir er mælt í ráðningarsamningi. Ráðning starfsmanns, sem ráðinn er tímabundið skv. 2. mgr. 41. gr., fellur úr gildi við lok samningstíma án uppsagnar.

Starfsmanni skal þó jafnan segja upp störfum frá og með næstu mánaðamótum eftir að hann nær 70 ára aldri.

Bandalag háskólamanna:

Breytingin að ytra byrði er ekki mikil en með þeim breytingum sem frumvarpið felur að öðru leyti í sér um ráðningarfestu, uppsagnar- og málskotsrétt má heita að starfsöryggi almennra starfsmanna ríkisins myndi hverfa með öllu verði frumvarpið samþykkt.

44. gr.

Ekki er skylt að veita starfsmanni áminningu áður en honum er sagt upp störfum. Ef uppsögn á rætur að rekja til ástæðna, sem tilgreindar eru í 21. gr., skal gefa starfsmanni kost á að tjá sig um ástæður uppsagnar áður en hún tekur gildi, en það er hins vegar ekki skylt ef uppsögn stafar af öðrum ástæðum, svo sem þeirri að verið sé að fækka starfsmönnum vegna hagræðingar í rekstri stofnunar.

Ef starfsmaður óskar skal rökstyðja uppsögn skriflega.

Bandalag háskólamanna:

Sjá athugasemdir við 21. gr.

Stéttarfélag lögfræðinga:

Ákvæðið er ekki í takt við gildandi réttarástand.

Félag ísl. hjúkrunarfræðinga:

Ekki er skylt að veita áminningu. Það er algerlega óviðunandi og stangast á við meðalhöfsreglu stjórnsýslulaga.

Andmælaréttur ekki virkur.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja:

BSRB telur að ætíð eigi að gefa starfsmanni kost á því að bæta ráð sitt áður en honum er sagt upp störfum sem lýst er í 21. gr.

Sjúkraliðafélag Íslands:

Ekki í anda nútíma vinnubragða að fella niður skyldu til áminningar.

Andmælaréttur ekki virkur.

Félag starfsmanna Alþingis og Starfsmannafél. Ríkisendurskoðunar:

Alls ekki er ljóst hvaða tilgangi áminning skv. 21. gr. er ætlað að þjóna því samkvæmt skýru ákvæði 44. gr. er hún ekki nauðsynlegur undanfari uppsagnar.

Eðlilegt að forstöðumaður gefi ávallt upp ástæður fyrir uppsögn.

Málskotsréttur felldur brott.

45. gr.

Starfsmanni skal víkja úr starfi fyrirvaralaust ef hann hefur verið sviptur með fullnaðardómi rétti til að gegna því starfi. Nú hefur starfsmaður verið sviptur þeim rétti með dómi í héraði, og skal þá í þeim dómi kveða á um hvort það ákvæði hans skuli þegar koma til framkvæmdar eða fresta því, þar til ráðið verður hvort honum skuli skjóta til æðra dóms, eða þar til úrlausn æðra dóms er fengin.

Starfsmanni skal og víkja úr starfi fyrirvaralaust ef hann hefur játað að hafa gerst sekur um refsiverða háttsemi sem ætla má að hefði í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga.

46. gr.

Starfsmaður hefur rétt til að segja upp störfum eftir því sem fyrir er mælt í ráðningarsamningi.

Þó er forstöðumanni stofnunar heimilt að lengja uppsagnarfrest í allt að sex mánuði ef svo margir leita lausnar samtímis eða um líkt leyti hjá stofnun að til auðnar um starfrækslu þar myndi horfa ef beiðni hvers um sig væri veitt. Á meðan heldur starfsmaðurinn óbreyttum launakjörum og réttindum, þar á meðal viðbótarlaunum skv. 2. mgr. 9. gr.

Bandalag háskólamanna:

Ekkert réttlætir breytingar skv. 2. málsg. 46. gr. og á sér hvergi fyrirmynd á almennum vinnumarkaði en þar er hins vegar búið að lengja uppsagnarfresti gagnvart starfsmönnum verulega og langt umfram það sem gildir hjá ríki.

Stéttarfélag lögfræðinga:

Félagið mótmælir því að þörf sé á slíku ákvæði sem um ræðir í 2. mgr. Verði þetta ákvæði frumvarpsins að lögum er nauðsynlegt að settur verði tímafrestur til framlengingar á uppsagnarfresti.

Félag ísl. hjúkrunarfræðinga:

Engin ástæða er til þess að auka möguleika stjórnvalda á að framlengja uppsagnarfrest starfsmanna.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja:

BSRB lýsir yfir andstöðu við efni 2. málsg.

Sjúkraliðafélag Íslands:

Skoða þarf ákvæðið með tilliti til hugmynda um breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur.

Kennarasamband Íslands:

Ákvæði 2. mgr. er í meira lagi vafasamt þar sem hættu er á að því verði beitt þó ekki sé um að ræða fjöldauppsagnir.

10. KAFLI**Sérstök réttindi.****47. gr.**

Stéttarfélög eða samtök þeirra gera kjarasamninga við ríkið um laun félagsmanna sinna og launakjör eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum.

Nú kýs starfsmaður að standa utan stéttarfélaga og skal hann þá njóta sömu launa og launakjara og samið hefur verið um í kjarasamningum fyrir sambærileg störf. Sé ekki um það að ræða skal fjármálaráðherra ákveða laun og launakjör þeirra starfsmanna sem standa utan stéttarfélaga.

Bandalag háskólamanna:

2. mgr. 7. gr. laga nr. 94/1986. Virðist sem 47. gr. eigi að afnema þetta gjald.

Ljóst er að það veldur stéttarfélagi miklum beinum og óbeinum kostnaði að einstaklingar geti staðið utan félags.

Stéttarfélag lögfræðinga:

Félagið mótmælir því að heimild starfsmanna til að gera kjarsamning og gera verkfall teljist „sérstök réttindi“. Hér er um að ræða grundvallarréttindi launþega.

Mjög óeðlilegt að þeir sem vilja standa utan stéttarfélaga þurfi ekki að taka þátt í þeim kostnaði sem stéttarfélög hafa haft af gerð þeirra kjarasamninga.

Meinataeknafélag Íslands:

Með þessu er verið að draga úr krafti stéttarfélaga til varnar kjörum og réttindum félagsmanna.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja:

Mikilvægt er að tryggja að kostnaður af starfsemi stéttarfélaga við gerð kjarasamninga greiðist af öllum þeim sem taka laun samkvæmt kjarasamningnum, en ekki einungis þeim sem eru félagsbundnir í stéttarfélaginu.

Félag starfsmanna Alþingis og Starfsmannafél. Ríkisendurskoðunar:

EKKI verður annað séð en að það verði í raun og veru stéttarfélögin sem semji fyrir hönd þessara starfsmanna líka, þótt óbeint sé.

48. gr.

Stéttarfélagi er heimilt að gera verkfall hjá ríkinu í þeim tilgangi að stuðla að framgangi krafna sinna í deilu um kjarasamning með þeim skilyrðum og takmörkunum sem sett eru í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, lögum um stéttarfélög og vinnudeilur og öðrum lögum.

Félag ísl. hjúkrunarfræðinga:

47. og 48. gr.:

Í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 er fjallað um samningsrétt stéttarfélaganna og því eru þessar greinar óþarfar.

Félag háskólakennara:

47. og 48. gr.:

Skilja má þetta svo að þeir sem standa utan stéttarfélaganna eigi aðeins að nota þjónustu stéttarfélaganna og þeirra kjara sem það semur um en ekki að greiða neitt fyrir né heldur fara í verkfall ef stéttarfélagið ákveður slíkt og verður til þess að stéttarfélög opinberra starfsmanna lamast.

IV. hluti.

Önnur ákvæði.

11. KAFLI

Ýmis sérákvæði.

49. gr.

Ákvörðunum stjórnvalda samkvæmt lögum þessum verður ekki skotið til æðri stjórnvalda nema öðruvísi sé fyrir mælt í einstökum ákvæðum laganna.

Bandalag háskólamanna:

Nauðsynlegt virðist vera að formgera með sérstakri lagasetningu að stjórnarsýslulögin taki til samskipta stjórnvaldsins og starfsmanna þannig að ljóst verði að stjórnarsýslulögin gildi um samskipti stjórnvalda og starfsmanna ríkisins í samræmi við meginreglur í stjórnarsýslurétti.

Félag ísl. hjúkrunarfræðinga:

Engin rök eru fyrir því að svipta ríkisstarfsmenn jafn sjálfsögðum réttindum og þessum.

Félag háskólakennara:

Stjórnarsýslulög eiga að gilda um starfsmenn ríkisins.

Kennarasamband Íslands:

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir auknum völdum forstöðumanna stofnana m.a. til þess að segja upp starfsfólki t.d. með vísan til „árangurs“ í starfi. Hér er hætt við því að „geðþóttuappsagnir“ verði algengari en nú er og er óhjákvæmilegt að skoða þessi ákvæði í tengslum við það dæmalausa ákvæði frumvarpsins að starfsmenn geti ekki skotið máli sínu til æðra stjórnvalds telji þeir á sér brotið. Hér er augljóslega um að ræða brot á jafnræðisreglu stjórnarráðsins verði þetta lögfest.

50. gr.

Forstöðumenn geta framselt vald, sem þeim er veitt í þessum lögum, til annarra stjórnenda í stofnun enda sé það gert skriflega og tilkynnt starfsmönnum stofnunar.

Forstöðumenn ríkisfyrirtækja njóta í hvívetna sömu réttarstöðu og forstöðumenn stofnana samkvæmt lögum þessum þótt það sé ekki sérstaklega tekið fram.

Bandalag háskólamanna:

Heimild til framsals er of viðtæk.

Vantar skýrari ákvæði um afturköllun heimildar til framsals.

Stéttarfélag lögfræðinga:

Rétt þykir að heimildin sé bundin því að ákvörðun sé gerð í umboði forstöðumanns. Þá vantar skýrari ákvæði um afturköllun heimildar til framsals. Ennfremur telur félagið að vald forstöðumanns til að ráða þá og jafnvel skipa eða vikja þeim úr starfi verði ekki framselt.

51. gr.

Forseti Alþingis er í fyrirvari gagnvart starfsmönnum þingsins og tekur ákvarðanir um réttindi þeirra og skyldur á sama hátt og ráðherra og forstöðumenn stofnana samkvæmt lögum þessum.

Ráðuneytisstjórar eru í fyrirvari gagnvart starfsmönnum ráðuneyta og taka ákvarðanir um réttindi þeirra og skyldur á sama hátt og forstöðumenn stofnana skv. 9., 11., 13., 17. og 21. gr.

Félag starfsmanna Alþingis og Starfsmannafél. Ríkisendurskoðunar:

Sérstaða Alþingis, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar, skert. Starfsmenn í ríki mæli settir undir fjármálaráðherra.

52. gr.

Við samningu stjórnvaldsfyrirmæla samkvæmt lögum þessum, annarra en verklagsreglna, svo og við endurskoðun þeirra skal jafnan gefa Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamanna og Alþýðusambandi Íslands kost á að fylgjast með og fjalla fyrir hönd félaga sinna um ágreiningsatriði þau sem upp kunna að koma.

Bandalag háskólamanna:

Á seinustu árum hefur borið æ meira á því að fjármálaráðherra liti ekki á samráð sem annað en hreina upplýsingaskyldu gagnvart starfsmönnum og samtökum þeirra.

Sett verði sérstök lagagrein sem tryggir samtökum starfsmanna og einstökum starfsmönnum sterkari samningsstöðu og meira jafnræði gagnvart fjármálaráðherra um ráðningarréttindi en nú er.

53. gr.

Brot á 40. gr. varða fésektum nema mælt sé fyrir um þyngri refsingu í öðrum lögum.

Stéttarfélag lögfræðinga:

Óeðlilegt er að embættismanni verði gert að sæta fésektum fyrir brot í starfi enda er samkvæmt því sem fram hefur komið önnur úrræði nærtækari.

Félag ísl. hjúkrunarfræðinga:

Fráleitt ákvæði.

12. KAFLI
Gildistaka og lagaskil.

54. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1996.

Stéttarfélag lögfræðinga:

Félagið telur undirbúningstíma vegna gildistöku laganna alltof skamman.

55. gr.

Við gildistöku laganna falla brott eftirgreind lög og ákvæði laga:

1. Lög nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
2. Lög nr. 27/1935, um aldurshámark opinberra embættismanna og starfsmanna.
3. Lög nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.

56. gr.

Við gildistöku laganna breytast eftirtalin ákvæði laga sem hér segir:

1. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, orðast svo:

Ákvæði laganna taka ekki til:

1. Þeirra embættismanna sem heyra undir lög um Kjaradóm og kjaranefnd.
2. Starfsmanna ríkisbanka eða lánastofnana ríkisins.
3. Starfsmanna stofnana og fyrirtækja ríkis og sveitarfélaga þegar kaup þeirra og kjör fara eftir kjarasamningum stéttarfélaga þeirra og vinnuveitenda, sbr. lög nr. 80/1938 og lög nr. 19/1979.
4. Þeirra sem skipa samninganefndir ríkis og sveitarfélaga.
5. Þeirra starfsmanna sveitarfélaga sem getið er í 3.—5. tölul. 19. gr. þessara laga og eru utan samningsumboðs stéttarfélags samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar sem ákveður þeim starfskjör án samnings.

1. mgr. 19. gr. sömu laga orðast svo:

Heimild til verkfalls skv. 14. gr. nær eigi til eftirtalinna starfsmanna:

1. Þeirra embættismanna sem heyra undir lög um Kjaradóm og kjaranefnd.
2. Starfsmanna Alþingis og stofnana þess, svo og starfsmanna á skrifstofu forseta Íslands og í stjórnarráði, þar með talinna starfsmanna utanríkisþjónustunnar.
3. Starfsmanna Hæstaréttar og héraðsdómstóla.
4. Starfsmanna við embætti ríkissaksóknara, ríkislögmans, ríkissáttasemjara og umboðsmanns barna.
5. Þeirra sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu.
6. Framkvæmdastjóra sveitarfélaga, borgar- og bæjarlögmannna, borgar- og bæjarritara, borgar- og bæjarverkfræðinga, skrifstofustjóra borgarstjórnar og starfsmanna launadeilda.
7. Forstöðumanna stærri atvinnu- og þjónustustofnana sveitarfélaga og staðgengla þeirra.

8. Annarra þeirra er gegna störfum sem öldungis verður jafnað til þeirra starfa sem getið er í 6. og 7. tölul.
Í 2. mgr. 19. gr. sömu laga falla niður orðin „3.–6. tölul.“, en í staðinn komi: 5.–8. tölul.
2. 2. gr. laga nr. 120/1992 um Kjaradóm og kjaranefnd orðast svo:
Kjaradómur ákvarðar laun forseta Íslands skv. 1. gr. laga nr. 10/1990, um laun forseta Íslands, þingfararkaup og önnur starfskjör alþingismanna samkvæmt lögum nr. 88/1995, um þingfararkaup alþingismanna, svo og laun og starfskjör ráðherra.
3. mgr. 6. gr. sömu laga orðast svo:
Enn fremur skal Kjaradómur hafa hliðsjón af þeim hlunnindum og réttindum sem tengjast embætti og launum, svo sem lífeyrisréttindum.
2. mgr. 8. gr. sömu laga orðast svo:
Kjaranefnd ákveður laun og starfskjör embættismanna, sbr. ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
9. gr. sömu laga falla brott. Greinatala breytist samkvæmt þessu.
Við 3. mgr. 11. gr. (áður 3. mgr. 12. gr.) sömu laga bætist: Þá getur hún við ákvörðun sína tekið tillit til sérstakrar hæfni, er nýtist í starfi, og sérstaks álags sem starfinu fylgir.

Bandalag háskólamanna:

Samkvæmt ákvæðinu skulu laun og önnur launakjör embættismanna ákveðin af kjaranefnd, sbr. 56. gr., en þó þannig að ráðherra megi ákvarða þeim viðbótarkjör ef honum sýnist svo. Þetta fyrirkomulag er hvorki líklegt til að tryggja stórum starfsstéttum sem undir þetta kerfi heyra eðlilegar kjaraákvæðanir né að tryggja embættismönnum kjör sem verði ákvörðuð skv. óhlutdrægu mati óháðu geðþótta ráðherra.

Dómarafélag Íslands:

Breyta ákvæðinu þannig að Kjaradómur ákvarði áfram laun dómara.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfsmenn ríkisins, sem fá laun greidd fyrir fram við gildistöku laga þessara, halda þeim rétti þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 10. gr. laga þessara.

Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. laganna skulu reglugerðir nr. 410/1989, um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins, og nr. 411/1989, um veikindaforföll starfsmanna ríkisins, gilda um starfsmenn ríkisins, sem skipaðir hafa verið eða ráðnir í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laga þessara og fallið hafa undir lög nr. 38/1954, uns laun í veikindaföllum og fæðingarorlofi hafa verið ákveðin eða um þau samið, sbr. 1. mgr. 9. gr. Sama á við um þá sem ráðnir verða í sömu eða sambærileg störf á þessu tímabili á grundvelli þessara laga. Þar til um annað hefur verið samið gilda enn fremur ákvæði 21. gr. laga nr. 38/1954 um umrædda starfsmenn, þó ekki embættismenn skv. 22. gr. laga þessara.

Um starfslok þeirra starfsmanna ríkisins, sem skipaðir hafa verið eða ráðnir í störf ótímabundið fyrir gildistöku laga þessara, án gagnkvæms uppsagnarfrests, gilda ákvæði 25. gr. og 6. kafla laga þessara eftir því sem við á, sbr. þó 4. og 5. mgr.

Þegar í hlut eiga þeir starfsmenn ríkisins, sem 3. mgr. tekur til og ekki teljast embættismenn skv. 22. gr. laga þessara, gilda ákvæði í kjarasamningum um lausn frá störfum vegna heilsubreysts í stað 30. gr. laganna.

Sé starf lagt niður á starfsmaður, sem skipaður hefur verið eða ráðinn í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laga þessara og fallið hefur undir lög nr. 38/1954, en telst ekki embættismaður

skv. 22. gr. laga þessara, rétt til bóta er nemi föstum launum í 3 mánuði, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en í 15 ár, en ella í 6 mánuði. Að öðru leyti gilda um bótarétt og bótafjárhæð ákvæði 34. gr.

Ef starf hefur verið lagt niður fyrir gildistöku laga þessara halda þeir starfsmenn, sem starfinu gegndu og féllu undir lög nr. 38/1954, forgangsrétti til starfa skv. 2. og 3. mgr. 14. gr. þeirra laga í 5 ár frá því starfið var lagt niður.

Bandalag háskólamanna:

Ákvæði til bráðabirgða víða ónákvæm og ófullnægjandi.

Stéttarfélag lögfræðinga:

Ákvæðið er ónákvæmt og óskýrt og tekur langt í frá af allan vafa um réttarstöðu þeirra starfsmanna sem það getur átt við. Sérstaklega er bent á 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða þar sem réttindi embættismanna sem þegar eru í starfi eru skert.